

## Afhenti Krabbameinsféluginu áheit

Eygló Kristjánsdóttir lauk nýlega við gríðarlega stórt verkefni en hún gekk styrktargöngu yfir Jakobsveginn, hóf hún gönguna í Sain Jean de Port í Frakklandi og gekk yfir til Santiago de Compostela á Spáni eða um 800 km. Byrjaði hún ferðina þann 25. apríl og lauk henni 31. maí eða 37 dögum síðar þar sem hún endaði gönguna í hádegismessu í dómkirkjunni í Santiago.

Draumurinn um að ganga yfir Jakobsveginn kviknaði upprunalega hjá Eygló árið 2014 þegar hún sá þátt á Rúv um ferðalag Thors Vilhjálmssonar yfir Jakobsveginn og hefur þetta blundað í henni síðan. Í lok árs 2019 greindist hún með krabbamein en ári seinna eða í lok árs 2020 útskrifaðist hún heilbrigð. Eftir þessa lífsreynslu hefur Eygló tileinkað sér að lifa í núinu og njóta lífsins, bæði litlu og stóru hlutanna. Hún tók því ákvörðun í janúar 2023 að láta drauminn rætast og bókaði ferðina. Hún ákvað að gera gönguna að styrktargöngu fyrir Krabbameinsfélag Snæfellsness þar sem það er málaflakur og félag sem stendur henni nærri.

Fimmtudaginn 15. júní afhenti Eygló Krabbameinsfélagi Snæfellsness svo upphæðina sem



safnaðist á meðan göngunni stóð við athöfn í Sjóminjasafninu á Hellissandi. Afhenti hún félaginu 1.360.000 krónur og í ræðu sem Eygló hélt við afhendinguna sagði hún vita að peningarnir myndu nýtast vel þar, til styrktar og eflingar félagsmönnum sem þurfa á því að halda. Sömuleiðis þakkaði hún fyrir stuðninginn á ferð sinni og góðvild allra þeirra sem styrktu hana. Að afhendingunni lokinni bauð Krabbameinsfélag Snæfellsness viðstöddum upp á veitingar á Sjóminjasafninu.

SJ

## Sjávarútvegsskóla unga fólksins lokið



Hressir krakkar úr vinnuskóla Snæfellsbæjar tóku þátt í Sjávarútvegsskóla unga fólksins í síðustu viku. Sjávarútvegsskólinn er fyrir nemendur úr 9. og 10. bekk og er markmið skólans að auka áhuga og efla þekkingu á sjávarútvegi hjá nemendum. Fræddust krakkarnir um tæki

færi sem tengjast sjávarútvegi frá kennurum Háskólans á Akureyri og góðu starfsfólki Sjávarútvegsskólans, Valafells, Hraðfrystihúss Hellissands, Fiskmarkaðs Íslands og Fiskmarkaðs Snæfellsbæjar. Stóðu nemendurnir sig með þryði og fengu mikið lof fyrir góða vinnu.

JJ



Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111

# Nýr stöðvarstjóri N1 í Ólafsvík

Aría Jóhannesdóttir hefur verið ráðin stöðvarstjóri N1 í Ólafsvík. Tók hún við starfinu af Einari Rúnar Ísfiörð sem lauk störfum nú í maí og tók Aría formlega við stöðinni mánudaginn 19. júní. Hennar helsta hlutverk er að sjá um og bera ábyrgð á daglegum rekstri á einstaklings- og fyrirtækjamerkaði. Aría er borin og barnfæddur Ólafsvíkingur og þekkir markaðssvæðið því vel. Í samtali við blaðamann Jökuls segir Aría „Þetta gerðist nokkuð hratt og allt í einu er ég mætt og farin að sjá um reksturinn. Ég er afar spennt fyrir verkefninu enda er N1 og Festi stórt fyrirtæki og möguleikarnir endalausir“. Aðspurð hvort einhverjar breytingar verði á rekstri stöðvarinnar segist Aría þurfa að kynna starfinu betur áður en farið verði í breytingar. Hún stefnir á að þjónusta heimamarkaðinn eins vel og hægt er og eiga sam-

tal við viðskiptavinum áður en ráðist verði í breytingar þó hún sé auðvitað búin að sjá eitt og annað á öðrum þjónustustöðvum N1 sem hún er spennt fyrir að prófa hér.

Aría segist hafa séð þetta starf auglýst og strax orðið spennt fyrir að prófa að sækja um, áður starfaði Aría í Grunnskóla Snæfellsbæjar og hjá ÁTVR. Aría er trúlofuð og á litla stelpu sem bráðum verður þriggja ára.

Jón Viðar Stefánsson, forstöðumaður verslunarsviðs N1, segir það vera mikinn feng fyrir fyrirtækið að fá Aríu til starfa. Hún þekki sitt heimasvæði vel og ekki skemmi fyrir að fá unga og öfluga konu í stjórnendahópinn. N1 rekur 30 þjónustustöðvar um allt land og með ráðningu Aríu er kynjahlutfall stjórnenda nú jafnt. Þá segir Jón Viðar að Ólafsvík og Snæfellsnesið allt sé afar mikilvægt markaðssvæði fyrir N1 þar



sem ferðamönnum er sífellt að fjölga og blómlegt atvinnulíf sé á svæðinu. Aría segist þakklát N1 fyrir tækifærið auk þess sem hún er spennt fyrir komandi verkefni

og hlakkar til að taka á móti viðskiptavinum á þjónustustöð N1 í Ólafsvík.

SJ



Að gefnu tilefni:

Sjómannadagsblað Snæfellsbæjar 2023 er til sölu í flestum verslunum í Snæfellsbæ. Einnig í Kjörbúðinni í Grundarfirði og verslun Skipavíkur í Stykkishólmi.

Þá er það til sölu hjá Gleraugna Pétri á Garðatorgi 4 í Garðabæ og einnig hjá henni Friðu í Norðurkaffi Lækjargötu 34 d í Hafnarfirði.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Bifreiðaverkstæði Ægis.  
Rífl. S-436677

Betra fyrir bílinn

## Pósthúsið lokaði 31. maí

Nú hafa breytingar orðið á pósthjónustu í Snæfellsbæ en 31. maí var pósthúsinu í Ólafsvík lokað. Pósturinn er að breyta þjónustunni í takt við breytt rekstrarumhverfi og breyttar þarfir neytenda en næsta pósthús er nú í Stykkishólmi.

Meiri áhersla verður lögð á aðrar þjónustuleiðir sem munu mæta þörfum viðskiptavina á svæðinu þegar kemur að mótöku og dreifingu sendinga. Enn þá munu bréfbærar dreifa bréfaþósti tvisvar í viku og pósthúsið sér um heimsendingar á pökkum fyrir þá sem það kjósa. Viðskiptavinir geta skráð sig inn á Mínar síður Póstsins og valið hvar þeir vilja fá sendinguna afhenta. Póstkassar eru staðsettir við pósthúsið

húsið í Ólafsvík og Hraðbúðina á Hellissandi, þangað er hægt að fara með bréfaþósti en hægt er að nálgast frímerki í Útgerðinni, N1 og Hraðbúðinni á Hellissandi. Póstboxin eru notuð til þess að senda og sækja pakka og eru þau staðsett við Hraðbúðina á Hellissandi og Sjoppuna í Ólafsvík. Til þess að senda pakka í pósthúsi þarf að skrá sendinguna fyrir fram en það er gert á vefsíðu Póstsins. Pósthúsið er einnig reglulega á ferðinni á öllum stöðum og tekur á móti pökkum sem passa ekki í pósthúsið. Góðar leiðbeiningar eru um breytt fyrirkomulag pósthjónustu á vefsíðu Póstsins og í þjónustuveri Póstsins.

JJ



# Laus störf á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Jaðri

Auglýst er eftir sjúkraliðum/almennum starfsmönnum í umönnun.

Um er að ræða tvö störf, 70 - 80% hvort starf.  
Umsóknarfrestur er til 10. júlí 2023.

Á Jaðri er mjög góð vinnuaðstaða og góður starfsandi.  
Íslenskukunnátta er nauðsynleg.

Laun eru greidd skv. kjarasamningi Sambands  
Íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag.

Öll kyn hvött til að sækja um störf hjá Jaðri.

Umsóknir berist í gegnum starfasíðu Snæfellsbæjar  
hjá Alfreð.

**Umsóknarfrestur til 10. júlí 2023.**

Upplýsingar veitir Steiney Kr. Ólafsdóttir  
á Jaðri og í síma 847 9307 til kl. 16:00  
þriðjudag til föstudags eða á netfanginu  
[steiney@snb.is](mailto:steiney@snb.is).

# TÖKUM AÐ OKKUR ALLA MALBIKSVINNU

## - stóra sem smáa -

Verðum á Snæfellsnesi 20.07 – 05.08

Allar upplýsingar veita Baldvin s: 896 5332 og Jón s: 854 2211



Tilboðs fyrirspurnir

 854 2211

Óseyri 18 - Malbikun.is - jon@malbikun.is

## 17. júní í Grundarfirði

Þjóðhátíðardagur Íslendinga var haldinn hátíðlegur í Grundarfirði síðasta laugardag, þann 17. júní. Hátíðarhöldin hófust á hinu árlega Grundár- og Kvernárhlaði og sundmóti UMFG sem góð þátttaka var í. Að sundi og hlaupi loknu var bæjarbúum boðið upp á grillaðar pylsur og allir þátttakendur fengu verðlaunapening auk þess sem UMFG gaf öllum leik- og grunnskólabörnum boli merktu félaginu. Því næst hélt skrudgangan frá miðbæjarreit

í átt að íþróttahúsinu þar sem hátíðardagskráin fór fram. Þar hélt Ragnheiður Sigurðardóttir hátíðaræðu fyrir hönd Félags Eldri borgara í Grundarfirði, verkefnið Let's come together eða Komum saman veittu viðurkenninguna "Brúarsmiður 2023" en Alicja Chajewska, sem átti frumkvæði að þessu verkefni, fékk viðurkenningu fyrir að auka vitund og opna dyr að fjölmenningsamfélaginu í Grundarfirði með þessu verkefni. Karitas

Eiðsdóttir fékk einnig viðurkenningu fyrir að leiða fólk saman með þrjónakvöldum sem hún hefur staðið fyrir. Þá tóku Emilía Rós Pawelsdóttir, Ísabella Ósk Davíðsdóttir og Jódís Kristín Jónsdóttir nokkur lög. Signý Gunnarsdóttir var fjallkona Grundarfjarðar í ár og flutti hún ljóðið 17. júní eftir Pál Hólm. Á hátíðarsvæðinu voru hoppukastalar, loftboltar og sölubásar frá kvenfélaginu Gleym-mér-ei og Blossa. Að hátíðardagskrá lokinni var svo hundapartý í nýja hundagerðinu að Hálsi þar sem ferfætlingar mættu ásamt fjölskyldum sínum, gæddu sér á hundanammi og léku sér. Veðrið lék við íbúa þennan þjóðhátíðardaginn og gleðin leyndi sér ekki meðal hátíðargesta.

SJ



  
FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

# 17. júní í Snæfellsbæ

Þjóðhátíðardagur Íslendinga var haldinn hátíðlegur síðastliðinn laugardag. Blíðskaparveður var á 17. júní þetta árið og hófst dagurinn í blíðskaparveðri á árlegu Landsbankahlaupi. Að því loknu var opið hús hjá Hestamannafélaginu Hring sem teymdi undir börnum áður en skrúðgangan fór af stað frá íþróttahúsinu í Ólafsvík. Skrúðgangan endaði í Sjómannagarðinum í Ólafsvík þar sem hátíðardagskráin í Snæfellsbæ fór fram. Það var Vilborg Lilja Stefánsdóttir sem setti hátíðarhöldin í ár og Tinna Ýr Gunnarsdóttir var kynnir hátíðarinnar. Björg Eva Elíasdóttir hélt ræðu nýstúðents, Séra Ægir Örn Sveinsson, sóknarprestur Ólafs-

víkur- og Ingjaldshólsprestakalls, stýrði helgistund, meðlimir úr kirkjukórum fluttu lög auk þess sem Garðar Kristjánsson og Sigurður Ragnar Haraldsson tóku lagið. Irma Hrustanovic var fjallkona Snæfellsbæjar árið 2023 og flutti ljóðið Íslands minni eftir Jónas Hallgrímsson fyrir viðstadda. Að hátíðarhöldum loknum færðist fjórið niður að fótboltavelli þar sem Ungmennafélagið Víkingur/Reynir grillaði hamburgar, hoppukastalar og fjör var í boði og Víkingur tók á móti Sindra en nánar er fjallað um þann leik í blaðinu. Sunnan heiðar buðu Hótel Búðir nærsveitungum sínum að venju í hið árlega þjóðhátíðarkaffi og seinni



part dags hélt Séra Brynhildur Óla Elínardóttir fjölskyldustund í Búðakirkju. Að fjölskyldustundinni lokinni boðaði Ungmennafélag Staðarsveitar til fögnuðar á íþróttavellinum á Lýsuhóli þar sem gengin var skrúðganga, farið var í leiki, grill-

aðar pylsur og haft gaman saman. Særós Freyja var fjallkonan og las hún fyrsta erindið í Íslands minni eftir Bjarna Thorarensen. Deginum var svo lokið með frískandi sundi í Lýsulagum.

SJ



## FISKMARKAÐUR ÍSLANDS

Sími: 430 3700  
[www.fmis.is](http://www.fmis.is)

**JÓNSMESSA**  
**Setbergskirkju**  
**föstudagskvöld**  
**23. júní kl. 19.00**

Gengið á Klakk eftir  
athöfn frá Bárarfossi

**Velkomin öll og alltaf**

## 220 skráðir í hlaup

Snæfellsjökulshlaupið fer fram um næstu helgi, þann 24. júní 2023. Nú er skráningu lokið og ætla 220 hressir hlauparar að fara yfir jökulhálsinn frá Arnarstapa og enda í Ólafsvík. Björgunarsveitin Lífsbjörg mun sjá um drykkja stöðvar á hlaupaleiðinni og verða þær tvær. Undanfarin ár hafa verið fjórar drykkjastöðvar en í ár verður þeim fækkað vegna tilkomu ITRA staðla. Hlauparar fá því ITRA stig fyrir að taka þátt í hlaupinu. Vegleg úrdráttarverðlaun verða dregin út í Sjómannagarðinum í Ólafsvík, veitt verða verðlaun fyrir bestu tímana og fá allir þátttakendur gjafapoka að hlaupi loknu. Hlaupið verður ræst frá Arnarbæ á Arnarstapa klukkan 12:00 og eru öll hvött til að mæta á rásmarkíð. Búist er við fyrstu hlaupurum



í mark um 13:30 og er tilvalið að stilla sér upp við endamarkið við Ólafsbraut í Ólafsvík og hvetja hlauparana áfram þegar þeir takast á við endasprenntinn.

Meðfylgjandi mynd er frá hlaupi síðasta árs.

JJ

# Örn GK - til upplýsingar

Í Sjómannadagsblaði Snæfellsbæjar sem út kom fyrir sl sjómannadaginn þá var sagt frá sjóslysi er Örninn GK 5 fyrst þann 8. ágúst 1936 með 19 mönnum. Í greininni voru borin kennsl á tvo menn frá Ólafsvík af þremur sem nafngreindir voru en það voru þeir Kristján Friðgeirsson og Hjörtur Unnar Guðmundsson. Sá þriðji frá Ólafsvík sem nefndur var, var Jóhannes Jónsson og ekki vitað um deili á honum en samkvæmt Íslendingabók var hann kenndur við húsið Bern.

Fljótlega eftir útkomu blaðsins hafði samband við mig Júlína Karlsdóttir. Þá hafði hún verið að skoða blaðið ásamt móður sinni Önnu Oliversdóttur en hún býr í Borgarnesi. Þá kom í ljós að Jóhannes Jónsson er frændi hennar þ.e. hann var hálfbróðir Helgu mömmu hennar en hún var Ingvarsdóttir og þau því sam-mæðra. Helga átti systur sem hét Björg Jónsdóttir og er okkur öllum kunn sem eiginkona Kristjáns Helgasonar sem er nýlátin. Björg og Jóhannes eru Jónsbörn og því alsyskin. Anna segir að Jóhannes Kristjánsson sonur Bjargar og Kristjáns hafi fengið nafn Jóhannesar frænda síns sem fyrst með Erninum.

Þá má nefna samkvæmt frásögn Önnu að tveir feðgar fórust með skipinu, þeir Jóhannes Magnússon og Magnús sonur hans. Magnús var giftur konu að nafni Guðbjörg Oliversdóttir og bjuggu þau í Gamla bakaríinu. Önnu var ekki kunnugt um aðra tengingu en hún vissi þó að þau



höfðu flutt áður til Hafnarfjarðar. Þá má nefna einn mann enn sem Anna tengdi við þetta slys. Það er Reimar Eiríksson en hann var fæddur 11. Júlí 1907 á Ytri-Görðum. Reimar þessi var föðurbróðir

Reimars Karlssonar í Öxl sem lést fyrir skömmu. Þannig að samantekið fórust alls sex menn sem höfðu tengingu við Snæfellsbæ í þessu mikla sjóslysi fyrir Norðurlandi þann 8. ágúst 1936. Guð

blessi minningu þeirra allra. Anna Oliversdóttur fær bestu kveðjur og þakkir fyrir þessar góðu upplýsingar. Kanske leynist eitthvað meira ef betur er skoðað?

Pétur Steinar Jóhannsson

Skrifstofa prentsmiðjunnar Steinprent og umboðs Sjóvá á Snæfellsnesi  
verður lokuð 3. - 28. júlí vegna sumarleyfa

Bæjarblaðið Jökull kemur út 29. júní og 6. júlí  
en fer svo í frí og kemur næst út 17. ágúst



STEINPRENT

SJÓVÁ

# Fótbolti



Víkingur tók á móti Sindra frá Hornafirði á laugardaginn, 17. júní. Í upphafi leiks var mínútu þögn til að minnast Kristjáns Helgasonar, sem lést á föstudaginn. Hann var einn öflugasti stuðningsmaður Víkings. Aftur að leiknum, það var hátíðarbragur á drengjunum en þeir voru greinilega ákveðnir í að gleðja stuðningsmenn sína og skoruðu fyrsta markið strax á þriðju mínútu. Þar var að verki Lois Jorge. Khalok skoraði svo næsta á 17. mínútu og hann var aftur að verki á 27. mínútu, en í millitíðinni eða á þeirri 25. skoraði Mikael mark úr vítaspyrnu. Önnur vítaspyrna var dæmd á 39. mínútu og gestirnir misstu manna f velli í kjölfarið, en skotið fór í stöng og aftur út á völlinn. Staðan því 4-0 í hálfleik. Miklir yfirburðir hjá heimamönnum. Heldur róaðist leikurinn í seinni hálfleik og bættu gestirnir vörnina hjá sér, til að fá ekki stóran skell, einum manni færri. Það kom þó ekki í veg fyrir að Björn Axel smellti inn marki á 60. mínútu og öðru á 70. mín-

útu. Staðan orðin 6-0 og höfðu menn í stúkunn á orði að þetta væri nóg. Strákarnir voru ekki á sama máli, því að Ísak skilaði inn marki í uppbótartíma, en áður varð Guðbjörn fyrir því að skora sjálfsmark, þegar boltinn hrökk í hann og í markið. Mjög góður sigur hjá strákunum, sem skilaði liðinu í efsta sæti deildarinnar. Lokastaða 7-1

Reynis menn fóru suður til Stokkseyrar og léku við heimamenn á fimmtudaginn í síðustu viku. Markalaust var í hálfleik, en þegar sex mínútur voru liðnar af seinni hálfleik skoruðu heimamenn og svo aftur á 65. mínútu. Reynis menn náðu ekki að nýta sér liðsmuninn, en einum af heimamönnum var vísað af velli með tvö gul spjöld þegar um korter var eftir. Lokastaðan því 2-0. Reynir á leik við Létti hér heima á föstudaginn og hvetjum við áhorfendur að mæta á leikinn og styðja strákanna, því Léttir er stigi fyrir ofan og því góður möguleiki á að ná í þrjú stig.

ÓHS



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS  
HÉRADSSAMBAND SNÆFELLSNESS OG HNAPPADALSSÝSLU  
SVEITARFÉLAGIÐ STYKKISHÓLMUR

UMFÍ

BLANDA AF ÍPRÓTTAKEPPNI, ALMENNRI  
HREYFINGU OG GLEÐI FYRIR 50 ÁRA OG ELÐRI.

**LANDSMÓT  
UMFÍ 50+**

STYKKISHÓLMI  
23-25 JÚNÍ

HSH

ALLT UM MÓTIÐ  
UMFI.IS

## Gunnar sæmdur gullmerki Víkings



Þegar Víkingur tók á móti Sindra frá Hornafirði um síðustu helgi, var Gunnar Gunnarsson sæmdur gullmerki Víkings í hálfleik.

Í ávarpi við heiðrunina kom fram að Víkingar telja Gunnar einn af sínum betri félögum. Gunnar kom til Ólafsvíkur um 1960, koma hans var mikill fengur fyrir íþróttastarfið í bæjarfélaginu. Hann var varla búinn að koma sér fyrir, þegar hann var byrjaður að æfa fótbolta með strákunum af sinni kynslóð, Gylfa Scheving, Rúnari Elíasar og fleirum. Hann hefur haldið mikilli

þryggð við félagið, fyrst, sem leikmaður og síðar sem ákafur, en fyrirmyndar stuðningsmaður og er ávallt mættur á efri pallinn á leiki, ef hann er heima.

Þá voru viðstaddir beðnir um að rísa úr sætum og gefa Gunnari gott klapp, til staðfestingar á viðurkönnuninni.

Ámeðfylgjandi mynd sem Þróstur Albertsson tók eru frá vinstri, Ester Gunnarsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Atli Már Gunnarsson og Oddur Orri Brynjarsson.



# Íslandsmót

Íslandsmót í mótorkrossi verður haldið laugardaginn 24. júní 2023,

á braut Motorcrossklúbbs Snæfellsbæjar, fyrir utan Enni.

Keppnin hefst um kl. 10:30 og stendur til kl. 16:00.

Við hjá MXS vonumst til að sjá sem flesta á keppnisdag til að horfa á og gera þetta að skemmtilegum degi.

**Mótið er í boði eftirfarandi styrktaraðila.**



SNÆFELLSBÆR  
*Þar sem jökullinn ber við lofti...*



BRYNJA SH 236



K.G. fiskverkun ehf.

Stafnafell ehf.



Sjávariðjan Rífi hf.



SAXHAMAR SH 50



REKS



Stíflupjónusta  
Lárusar ehf.